
Siðareglur stjórnar

1. Inngangur
2. Markmið og tilgangur
3. Góðir starfshættir
4. Verðbréfiðskipti stjórnarmanna
5. Hagsmunaárekstrar
6. Starfstengdar ferðir og boðsferðir
7. Gjafir
8. Tilkynning um brot
9. Samþykkt, endurskoðun og birting

1. Inngangur

- 1.1. Meginhlutverk Almenna lífeyrissjóðsins er að taka á móti iðgjöldum, ávaxta þau á hagkvæman hátt og greiða út sem hæstan lífeyri á hverjum tíma. Í þeim tilgangi að sinna því hlutverki sem best hefur stjórn sjóðsins samþykkt eftirfarandi siðareglur. Reglurnar ná til stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna. Starfsmenn sjóðsins hafa sjálfir sett sér siðareglur sem gilda um þá.
- 1.2. Reglur þessar eru samþykktum og öðrum verklagsreglum og stefnum til stuðnings.
- 1.3. Stjórn sjóðsins hefur ákvæði siðareglna og gildismat þeirra að leiðarljósi í störfum sínum fyrir sjóðfélaga.

2. Markmið og tilgangur

- 2.1. Markmið siðareglna stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins er að stuðla góðum og heilbrigðum starfs- og stjórnarháttum.
- 2.2. Tilgangur siðareglna er að auðvelda stjórnarmönnum að sinna störfum sínum á skynsaman, góðan og jákvæðan hátt með því að setja skýrar reglur um siði og háttsemi. Stjórnarmönnum ber að sýna gott fordæmi í störfum sínum fyrir sjóðinn og taka ákvarðanir aðeins eftir eigin sannfæringu í góðri trú.
- 2.3. Stjórnarmenn eru meðvitaðir um þá ábyrgð sem hvílir á herðum þeirra í störfum sínum fyrir sjóðinn, sem felst m.a. í því að hafa umsjón með fjármunum sjóðsins, móta fjárfestingar- og áhættustefnu, velja þjónustuaðila og tryggja eftirfylgni með fjárfestingum sjóðsins.
- 2.4. Stjórn sjóðsins leggur áherslu á að jafnræðis sjóðfélaga sé gætt í allri starfsemi lífeyrissjóðsins, hvort sem um er að ræða upplýsingagjöf eða framkvæmd fyrir mæla. Stjórn sjóðsins kemur fram við alla þá sem hún er í samskiptum við af virðingu, sanngirni, kurteisi og heiðarleika.
- 2.5. Stjórnin leggur áherslu á að starfsemi sjóðsins einkennist af gagnsæi og að allar upplýsingar séu aðgengilegar og settar fram á skiljanlegan hátt.

3. Góðir starfshættir

- 3.1. Stjórnarmenn skulu haga störfum sínum í einu og öllu með hagsmuni sjóðsins að leiðarljósi. Stjórnarmenn skulu leggja rækt við starf sitt og stunda það af kostgæfni.
- 3.2. Stjórnarmenn skulu gæta þess innan sem utan vinnutíma að aðhafast ekkert það sem dregið getur í efa hæfni þeirra til að sinna störfum fyrir sjóðinn eða skaðað ímynd hans.
- 3.3. Stjórnarmenn skulu sinna störfum sínum af trúnaði, gagnsæi, hlutleysi, fagmennsku og jafnræði.
- 3.4. Stjórnarmenn skulu vera heiðarlegir og málefnalegir og koma þannig fram í störfum sínum að þeir rýri ekki á nokkurn hátt álit, traust og trúverðugleika þeirrar starfsemi sem fer þar fram.

- 3.5. Stjórnarmenn skulu markvisst vinna að því að eiga góð og jákvæð samskipti sín á milli, við starfsmenn sjóðsins og sjóðfélaga. Stjórnarmenn skulu eiga samskipti við aðila á fjármálamarkaði sem byggjast á virðingu og viðleitni til að viðhalda og efla trúverðugleika sjóðsins. Stjórn skal leitast við að eiga góð samskipti við opinbera aðila og eftirlitsaðila með það að augnamiði að skapa traust á sjóðnum.

4. Verðbréfavíðskipti stjórnarmanna

- 4.1. Um verðbréfavíðskipti stjórnarmanna gilda verklagsreglur Almenna lífeyrissjóðsins um víðskipti sjóðsins, starfsmanna og stjórnar (VR01).
- 4.2. Reglunum er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi sjóðsins og jafnframt að draga úr hættu á að þeir sem þær taka til tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála. Reglunum er ætla að tryggja vandaða starfshætti sem stuðla að trúverðugleika sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna.

5. Hagsmunaárekstrar

- 5.1. Stjórnin skal forðast alla hugsanlega hagsmunaárekstra eða annað það sem skerðir eða er í augum annarra talið skerða málefnalegt sjálfstæði stjórnarmanna og óhlutdrægni. Stjórn sjóðsins þiggur þannig ekki gjafir eða nýtir sér á nokkurn hátt hvers konar fríðindi sem óeðlileg geta talist frá þeim sem hagsmuna eiga að gæta vegna starfa stjórnarmanna fyrir sjóðinn eða starfsemi sjóðsins.
- 5.2. Stjórnarmönnum ber að vera vakandi yfir öllum tengslum sem geta hugsanlega leitt til hagsmunaárekstra og mega ekki taka þátt í meðferð máls ef vafi er um hlutdrægni þeirra í viðkomandi máli. Ef vafi leikur á því hvort hagsmunaárekstrar séu fyrir hendi skal bera slíkt undir lögmann sjóðsins.
- 5.3. Stjórnarmenn mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.
- 5.4. Almenni lífeyrissjóðurinn hefur sett sér stefnu um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.

6. Starfstengdar ferðir og boðsferðir

- 6.1. Stjórnarmönnum er óheimilt að þiggja hvers konar boðsferðir af innlendum eða erlendum aðila sem ekki geta talist eðlilegar í tengslum við rekstur sjóðsins. Slíkar boðsferðir geta verið t.a.m. skemmtiferðir, veiðiferðir, golfferðir og tónleikaferðir.
- 6.2. Þrátt fyrir framangreint ákvæði er stjórnarmönnum heimilt að sækja kynningar um fjárfestingarkosti, námskeið, ráðstefnur eða fundi, sem eru til þess fallnar að afla upplýsinga eða þekkingar sem koma að gagni við rekstur sjóðsins, s.s. upplýsinga um víðskiptataækifæri eða valkosti í eignastýringu. Slíkir viðburðir verða að hafa skýrt kynningarinnihald sem byggir á gögnum eða upplýsingum sem lagðar eru fram því til stuðnings. Krefjist slíkar kynningar ferðalaga skal sjóðurinn bera kostnað vegna ferða og gistingar nema annað sé sérstaklega ákveðið og heimild veitt til þess af framkvæmdastjóra eða stjórn. Risna sem veitt er í tengslum við slíka atburði skal ætíð vera skynsamleg og hófleg.

7. Gjafir

- 7.1. Stjórn sjóðsins þiggur ekki gjafir eða nýtir sér á nokkurn hátt hvers konar fríðindi sem óeðlileg geta talist frá þeim sem hagsmuna eiga að gæta vegna starfa stjórnarmanna fyrir sjóðinn eða starfsemi sjóðsins.
- 7.2. Hóflegar jólagjafir eða aðrar tækifærisgjafir eru undanþegnar framangreindu ákvæði. Með hóflegum gjöfum er átt við að þær séu að fjárhagslegu verðmæti sem telst algengt og eðlilegt.

8. Tilkynning um brot

- 8.1. Sá sem verður var við brot á þessum reglum skal tilkynna það til formanns eða varaformanns stjórnar. Brot á reglunum skal taka til umfjöllunar á stjórnarfundi.

9. Samþykkt, endurskoðun og birting

- 9.1. Formaður stjórnar skal sjá til þess að reglurnar séu endurskoðaðar árlega. Nýir stjórnarmenn skulu undirrita reglurnar á fyrsta fundi eftir ársfund þegar ný stjórn tekur til starfa. Með undirritun sinni skuldbindur stjórnarmaður sig til að hlíta reglunum eins og þær eru á hverjum tíma.
- 9.2. Reglur þessar skal birta á heimasíðu lífeyrissjóðsins í því skyni að stuðla að gagnsæi í rekstri sjóðsins.

Samþykkt á stjórnarfundum 28. febrúar 2023

Undirritunarsíða

Ólafur Hvanndal Jónsson

Hulda Rós Rúriksdóttir

Arna Guðmundsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir

Már Wolfgang Mixa

Þórarinn Guðnason